

Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2016.

Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2016 liggur fyrir til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 15. mars 2017 samþykktur og áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra. Samkvæmt sveitarstjórnalögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og er áætlað að seinni umræða fari fram miðvikudaginn 5. apríl 2017.

Helstu niðurstöður.

- Afkoma af rekstri Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2016 var jákvæð um 256 millj. kr. samkvæmt samstæðureikningi sveitarfélagsins en fjárhagsáætlun 2016 með viðaukum gerði ráð fyrir 199 millj. kr. rekstrarafgangi. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð um 178 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 134 millj. kr. rekstrarafgangi. Skuldahlutfall A hluta fór niður fyrir 150% á árinu 2016 og er 145% í árslok 2016.
- Á árinu 2016 er eignahlutur Fljótsdalshéraðs í Vísindagarðinum kominn yfir 20% og er því gjaldfærð 26 millj. kr. uppsöfnuð hlutdeild í rekstartapi félagsins í ársreikningi Fljótsdalshéraðs á árinu 2016.
- Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) í samstæðureikning Fljótsdalshéraðs var jákvæð um 925 millj. kr. á árinu 2016 eða 23% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Í A hluta nam EBITDA 649 millj. kr. á árinu 2016 eða 18% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 359 millj. kr. í samstæðu A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 403,5 millj. kr. Hrein fjármagnsgjöld A hluta námu 298 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir 288 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri nam 680 millj. kr. á árinu 2016 í samstæðu A- og B hluta eða 17% í hlutfalli af rekstartekjum. Veltufé frá rekstri í A hluta nam 482 millj. kr. eða 14% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Eigið fé var jákvætt í árslok 2016 um 495 millj. kr. í samstæðu A- og B hluta að teknu tilliti til hlutdeildar minnihluta. Eigið fé A hluta var jákvætt um 355 millj. kr. í árslok 2016.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B hluta námu í árslok 2016 um 8.321 millj. kr. og lækka um 460 millj. kr. frá árinu 2015. Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureikning A og B hluta er 181% í árslok 2016 en skal skv. sveitarstjórnarlögum vera 150%.
- Samkvæmt aðlögunaráætlun sem Fljótsdalshérað samþykkti árið 2012 og tók til endurskoðunar á árinu 2014, er það markmið sveitarfélagsins að skuldaviðmiðið verði komið niður fyrir 150% árið 2019. Afkoma ársins 2016 og þróun verðbólgu undanfarin misseri styrkir verulega að þau markmið gangi eftir á tilsettum tíma.

- Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B-hluta í reikningsskilum sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Samkvæmt ársreikningi 2016 nema rekstartekjur áráanna 2014-2016 um 430 millj. kr. umfram rekstargjöld.
- Skuldir og skuldbindingar í A hluta nema 5.167 millj. kr. í árslok 2016 og lækkuðu um 292 millj. kr. frá árinu 2015. Skuldaviðmið A hluta er 139% í árslok 2016.
- Rekstartekjur sveitarfélagsins námu 3.978 millj. kr. á árinu 2016 sem er 249 millj. kr. hærrí en árið 2015 eða 6,7% hækkun tekna á milli ára. Þar af námu útsvarstekjur og fasteignaskattar 1.899 millj. kr. sem er 152 millj. hækkun á milli ára eða 8,7%. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði námu 1.136 millj. kr. með framlagi vegna málefna fatlaðra sem er 156 millj. kr. hækkun á milli ára eða 16%. Aðrar rekstartekjur námu 944 millj. kr. og lækkun á milli ára 58 millj. kr. eða 5,8%.
- Launakostnaður sveitarfélagsins nam 1.950 millj. kr. sem er um 106 millj. kr. hækkun frá árinu 2015 og nemur hlutfallsleg hækkun um 5,7%. Þar af hækkaði útreiknuð lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins um 51 millj. kr. frá fyrra ári. Launakostnaður á árinu 2016 var 80 millj. kr. hærrí en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem þýðir hækkun umfram áætlun um rúm 4,3%. Áhrif kjarasamninga sem gerðir voru í desember 2015 og lágu ekki fyrir þegar áætlun var samþykkt nema um 26 millj. kr. Að auki nam eingreiðsla vegna kjarasamnings við grunnskólakennara sem samþykkt var í desember 2016 um 16 millj. kr. og var greidd í desember 2016. Hækkun lífeyrisskuldbindingar nemur tæpum 20 millj. kr. umfram áætlun. Aðrar hækkunir umfram áætlun eru vegna hækkunar á kjarasamningum BHMR fólks og á öðrum ófyrirséðum launakostnaði svo sem vegna veikinda. Í nokkrum tilfellum koma endurgreiðslur á móti svo sem frá Námsleyfasjóði og Tryggingarstofnun.
- Annar rekstarkostnaður án afskrifta og fjármagnsliða nam 1.103 millj. kr. á árinu 2016 sem er lækkun um 26 millj. kr. frá árinu 2015 eða 2,4% lækkun á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld samstæðu A- og B hluta námu 359 millj. kr. á árinu 2016 samanborið við 414 millj. kr. á árinu 2015.
- Hrein fjármagnsgjöld A hluta námu 298 millj. kr. samanborið við 311 millj. kr. á árinu 2015.
- Fræðslumál eru langstærsti málaflokkurinn en til hans runnu 1.630 millj. á árinu 2016 eða 53% af skatttekjum sem er hækkun um 61 millj. kr. frá árinu áður. Til félagsþjónustu var veitt 433 millj.kr. og eru þar meðtalin málefni fatlaðs fólks sem sveitarfélagið hefur sinnt frá og með árinu 2011. Hækkun á milli ára nemur 34 millj. kr. Íþróttá- og æskulýðsmál eru þriðja stærsta verkefni sveitarfélagsins en til þeirra mála var varið um 264 millj.kr. Hækkun á milli ára nemur 2 millj. kr.
- Áætlanir sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2017-2020 gera svo ráð fyrir að framlegðarhlutfall í rekstri sveitarfélagsins haldist miðað við rauntölur 2016 og á árinu 2017 verði veltufé frá rekstri jákvætt um 678 millj. kr. á meðan næsta árs afborganir af skuldbindingum nema 498 millj. kr. skv. ársreikningi 2016. Rekstrarafkoma Fljótsdalshéraðs stendur ríflega undir greiðslubyrði lána og er það markmið sveitarfélagsins að sú þróun haldist í langtímaáætlunum sveitarfélagsins.

- Fjárfestingar samkvæmt samstæðureikningi Fljótsdalshéraðs námu 259 millj.kr. brúttó á árinu 2016.
- Hitaveita Egilsstaða og Fella varði 128 millj. til fjárfestinga á árinu 2016.
- Fjárfestingar Eignasjóðs námu nettó um 110 millj. kr. Þar af var 38 millj. varið í endurnýjun á þaki Fellaskóla, 15 millj. í endurnýjun á þaki á Tjarnarási 9 (áhaldaús), í áframhaldandi uppbyggingu á tjaldsvæðinu var varið tæpum 12 millj. kr. og 5 millj. var varið í frágang á urðunarsvæði á Tjarnarlandi til samræmis við kröfur í starfsleyfi. Heildarkostnaður á árinu vegna aðstöðuhúss á Vatnsskarði nam 12,4 millj. kr. en á móti komu tekjur frá Ferðamálasjóði og Borgarfjarðarhreppi að sömu fjárhæð. Fjárfestingar í gatnakerfi og deiliskipulagi námu um 28 millj. kr., keypt var húsnæði í Lyngási 12 fyrir 4,4 millj. kr., fjárfestingar í íþróttamiðstöðinni á Egilsstöðum námu 2,9 millj. kr. Aðrar fjárfestingar námu 4,7 millj. kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að 98,4 millj. kr. yrði varið til fjárfestinga á árinu 2016 í Eignasjóði skv. fjárhagsáætlun.
- Byggingu hjúkrunarheimilis er að fullu lokið en á árinu 2016 nam fjárfesting 4,1 millj. kr. Hins vegna kom leiðrétting á framlagi Velferðarráðuneytisins vegna hlutdeildar í byggingarkostnaði í formi eingreiðslu upp á 45 millj. kr. En að öðru leiti greiðir ríkið sinn hlut í byggingarkostnaði í formi leigugreiðslna á 40 árum.
- Fjárfestingar Brunavarna á Héraði námu 3,5 millj. kr. og fjárfestingar Ársala námu 0,6 millj. kr.
- Fjárfesting Félagslegra íbúða nam 1,9 millj. kr. sem var uppsetning á nýrri skrifstofu í Miðvangi 18.
- Á árinu 2015 var gengið frá sölu fjögurra eigna. Úr Eignasjóði voru seld Eiðavellir 6 og Vallnaholt 8 sem eru húsnæði fyrrum barnaskóla á Eiðum og leikskólahúsnæði á Eiðum. Söluverð þeirra nam 23 millj. kr. Ennfremur seldi Eignasjóður íbúðarhús að Hólshjáleigu og nam söluverð 0,5 millj. kr. Félagslegar íbúðir seldu eina íbúð og nam söluverð hennar 9 millj. kr.

Fjárhagsáætlun 2017 - 2020:

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs samþykkti 3ja ára áætlun fyrir sveitarfélagið á fundi sínum þann 16. nóvember 2016. Þar er gert ráð fyrir jákvæðum rekstarafgangi öll árin 2017 til 2020 og að hann fari vaxandi.

Það sem einkennir áætlanir fyrir komandi ár er áframhaldandi áhersla á aðlögun á rekstri og efnahag sveitarfélagsins að þeim fjárhagslegu viðmiðum sem sveitarstjórnarlög setja. Fljótsdalshérað samþykkti á árinu 2012 aðlögunaráætlun í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 502/2012, þar sem sett var fram áætlun um hvernig sveitarfélagið muni ná þeim skuldaviðmiðum sem sveitarstjórnarlög og umrædd reglugerð kveða á um. Samkvæmt þeirri áætlun ásamt síðari breytingum er gert ráð fyrir að sveitarfélagið uppfyllti fjármálareglur sveitarfélaga í árslok 2019.

Áframhaldandi afkomubati á yfirstandandi ári mun leggja grunn að bættri afkomu árin 2018, 2019 og 2020. Þannig verður greiðsluhæfi sveitarfélagsins tryggt til framtíðar gagnvart þeim skuldbindingum sem á því hvíla, auk þess verður kleift að ráðast í þær fjárfestingar sem gera æskilega framtíðarþróun samfélagsins mögulega.

Með hliðsjón af þeim árangri sem þegar hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins, og lesa má m.a. úr ársreikningi síðasta árs, er full ástæða til að ætla að settum markmiðum verði náð.

Að öðru leiti er vísað til ársreiknings 2016 sem verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins og samþykkrar fjárhagsáætlunar 2017-2020 sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur samþykkt.

Egilsstöðum 15. mars 2017.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri

Guðlaugur Sæbjörnsson, fjármálastjóri